

eða dómendum; en merkjadómendurnir hafa vottað það í dómi sínum 28. júní 1890, er þetta sama mál var fyr dæmt, að steinn sá, er bæjarstjórnin miðaði merkin við og átti að hennar álitu að vera fyrir vestan og sunnan Bústaðaborg, væri því nær í hásuður frá borginni, og eptir uppdráttum beggja málsaðila, einkanlega uppdrætti þeim, er áfrýjandinn hefur lagt fram, eru Klofningsteinar (eystri) nokkuð vestar en í hásuður frá Bústaðaborg; en ef þetta hvorttveggja er rjett, leiðir þar af, að bein lína úr Bústaðaborg í Klofningsteina verður fremur fyrir vestan en fyrir austan optnefndan markastein bæjarstjórnarinnar. Þegar á þetta er litið, og þar sem áfrýjandinn hefur ekki fært neinar sannanir fyrir þessu kæruatriði sínu, verður eigi álituð sannað, að merkjadómurinn hafi gjört sig sekan í lögleysu í þessu efni, og með því að eigi eru aðrar ástæður til að ónýta dóminn, ber að staðfesta hann í öllum greinum. Málskostnaður virðist rjett að falli niður.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði landamerkjadómur á að vera óraskaður. Málskostnaður fyrir yfirdómi fellur niður.

Nr. 48/1892:

H. Th. A. Thomsen
 gegn
 bæjarstjórn Reykjavíkur.

D ó m u r:

Mál þetta er risið út af ágreiningi um landamerki

milli jarðanna Bústaða og Klepps í Seltjarnarneshreppi; er hin fyrnefnda jörðin eign áfrýjanda, kaupmanns H. Th. A. Thomsens, en hin síðarnefnda er eign Reykjavíkurkaupstaðar. Áfrýjandinn hefur haldið því fram, að merkin milli jarðanna sjeu eptir beinni stefnu úr Þrísteinum í Geldinga- eða Gelgjutanga. Aftur á móti telja hinir stefndu, að merkin sjeu: Frá Elliðaárvog, þar sem Merkjalækur (er sumir kalla Markalæk, en hinn stefndi Murtulæk) fellur í hann, eins og farvegur lækjarins ræður til upptaka, og þaðan í »Þrísteina«.

Um mál þetta gekk landamerkjadómur Kjósar- og Gullbringusýslu hinn 7. desembermán. 1891, og voru landamerkin ákveðin svo, að þau skyldu vera úr Þrísteinum í Merkjalæk, þar sem hann fer í gegnum nýja veginn, og ráði hann þaðan mörkum til sævar, þar sem hann fellur í Elliða-árvog. Í dagpeninga til dómsforseta og meðdómsmanna skyldi áfrýjandi greiða 55 kr. og hin stefnda bæjarstjórn 36 kr. 50 a., en annar málskostnaður var látinn falla niður. Þessum landamerkjadómi hefur kaupmaður H. Th. A. Thomsen skotið til yfirdómsins með stefnu 17. nóv. f. á. og krafizt þess, að hann verði dæmdur ómerkur og málinu heimvísað til nýrrar og löglegri dómsáleggingar, og að hin stefnda verði dæmd til að greiða málskostnað eptir mati rjettarins. Hin stefnda bæjarstjórn hefur á hinn bóginn krafizt þess, að hinn áfrýjandi dómur verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða málskostnað fyrir yfirdómi með 50 kr. eða eptir mati rjettarins.

Með skjölum þeim og skilríkjum, sem fram eru komin í málinu, verður eigi álitid, að málsþörtunum, hvorugum þeirra, hafi tekizt að færa sönnur fyrir landamerkjum þeim, sem þeir hafa gjört kröfur til. Sjer-

staklega ræða skjöl þau, sem áfrýjandi hefur framlagt, nefnil. kgl. afsalsbrjef fyrir laxveiði í Elliðaánum, útgefið 11. desbr. 1853, álitsskjal stjórnarráðsins um söluna frá 6. maí 1853, aukarjettardómur 12. nóv. 1858 og yfirjettardómur 5. desbr. 1859 — eigi um hið um-
 þráttada landstykki, heldur um laxveiðina í Elliðaánum og um veiði og beitutekju í Elliðaárvog. — Aptur á móti má álíta það sannað með ýmsum vitnisburðum, sem fram eru komnir í málinu, að þrætulandið hafi mjög lengi verið notað frá Kleppi og verið talið fylgja þeirri jörð, þótt peningur frá Bústöðum hafi iðulega runnið inn á það, eins og títt er, þar sem er að ræða um jarðir, er liggja saman. Fyrir því verður það eigi á talið, að merkjadómurinn hefur í öllu verulegu tekið til greina merkjakröfu hinna stefndu og gefið dóm samkvæmt þeim. Sjerstaklega skal það tekið fram, að þar sem merkjadómendurnir hafa ákveðið merkin úr »Þrísteinum í Markalæk, »þar sem hann rennur í gegnum nýja veginn«, en eigi í upptök hans eptir kröfu hinna stefndu, virðist áfrýjandi eigi sjerstaklega geta á talið þetta ákvæði dómsins, þó að hinum stefndu með því móti sje dæmt minna land en þeir hafa gjört kröfu til, en þeir hafa ekki áfrýjað málinu út af þessu atriði. Þar sem áfrýjandi þar næst átelur það, að merkjadómendurnir hafi eigi gefið dóm um varakröfu þá, sem fram kom í hjeraði af hans hálfu, nefnil. að eiganda Bústaða eða veiðarinnar frá Merkilæk út að Gelgjutanga verði tildæmdur rjettur til að nota tjeð land að svo miklu leyti og á þann hátt, sem nauðsynlegt er til að stunda þar veiðina — verður eigi álitið, að hann í þessu máli um *landamerki* milli Bústaða og Klepps, sem höfðað var af bæjarstjórn Reykjavíkur, hafi getað heimt-

að dóm um þetta atriði, snertandi rjett eiganda lax-veiðarinnar í Elliðaánum og Elliða-árvogi, er eigi hafði komið fyrir sáttanefnd og eigi verið stefnt (gagnstefnt) um.

Með því að áfrýjandi eigi hefur talið aðrar ástæður en hinar framangreindu fyrir ómerkingarkröfu sinni og eigi er tilefni til þess að ónýta dóminn ex officio, ber að staðfesta hann samkvæmt kröfu hinna stefndu. Eftir atvikum þykir rjett, að málskostnaður falli niður.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði landamerkjadómur á að vera ó-raskaður. Málskostnaður fyrir yfirdómi fellur niður.

Mánudaginn 29. maímánaðar.

Nr. 13/1893:

Hið opinbera
gegn
Þorsteini Jónssyni.

D ó m u r:

Í máli þessu, sem höfðað er innan Suður-Múlasýslu gegn Þorsteini Jónssyni fyrir ólöglega sveitaverzlun, er hann með aukarjettardómi nefndrar sýslu, gengnum 20. okt. f. á., sýknaður og málskostnaður dæmdur af almannafje.

Mál þetta hefur, þótt fara hefði átt með það samkvæmt lögum 7. nóv. 1879, 6. gr. sem opinbert lög-reglumál verið rekið og, eins og áður er sagt, dæmt fyr-